



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

188. fundur skólanefndar FS 8. nóvember 1994

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur P. Guðnason, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Gísli Brynjólfsson, Hjálmar Arnason, skólameistari og áheyrnarfulltrúarnir Guðjón Kristjánsson og Jón Ingi Baldvinsson.

Dagskrá:

1. Færsla fundargerða í bók.
 2. Heimsóknir í aðra skóla.
 3. Breytt stjórnunakerfi innan FS.
 4. Loftræsting innan FS.
 5. Önnur mál.
-
1. **Færsla fundargerða í bók.**
Samþykkt að frá og með þessum fundi verði fundargerðir færðar í fundargerðarbók.
 2. **Heimsóknir í aðra skóla.**
Rætt um að stefna að því að fara í heimsókn í annan framhaldsskóla á næstunni, talað var um Fjölbrautaskóla Suðurlands. Ákveðið að fundarmenn íhugi málið fram að næsta fundi.
 3. **Breytt stjórnunakerfi innan FS.**
Hjálmar sagði frá núverandi stjórnunakerfi skólans. Hann leggur til að ráðningartími sviðsstjóra verði 3 ár í stað tveggja áður. Samþykkt samhljóða. Hjálmar kynnti einnig hugmyndir um starf kennsluráðgjafa í skólanum.
 4. **Loftræsting innan FS.**
Rætt um framkvæmdir við loftræstingu skólahússins. Samþykkt samhljóða að setja upp loftræstingu í skrifstofur og tölvustofu skólans, tekið verði tilboði Stjórnumlíks upp á 755 þúsund krónur.
 5. **Önnur mál.**
 - a) Kristbjörn spurði um listaverkið sem setja á upp við skólann. Listaverkið er á leið til landsins og verður afhjúpað síðar í mánuðinum.
 - b) Kristbjörn ræddi um félagslíf í öldungadeild. Rætt um ástæður fyrir litlu félagslífi í deildinni sem menn töldu stafa af tímaleyso nemenda.

- c) Ólafur benti á að nauðsynlegt væri að bæta lýsingu við skólann, t.d. að lýsa skólahúsið og fyrirhugað listaverk upp. Ákvæðið að rafiðnaðardeild skólans kanni málið.
- d) Minnt á 20 ára afmæli skólans árið 1996. Ákveðið að ræða málið á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari